

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra.

1. gr.

- a) Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar nr. 632/2012 um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra, samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 20. júlí 2011, skal vera kr. 6.000. Gjaldldagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.
- b) Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfiss-hafa eða umráðamanni hunds sé um leyfisslausu hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með handsömunargjaldi sem er eftirfarandi:
- | | | |
|---------------|-----|--------|
| Í fyrsta sinn | kr. | 9.000 |
| Í annað sinn | kr. | 13.000 |
| Í þriðja sinn | kr. | 17.000 |
- c) Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.
- d) Hafí eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að veita allt að 25% afslátt af gjöldum samkvæmt a) og b) lið gjaldskrár þessarar samkvæmt nánari reglum sem sveitarstjórn setur. Sveitarstjórn getur sett reglur um afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra.

2. gr.

- a) Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. samþykkt nr. 632/2012 um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 1.800 sem rennur í sveitarsjóð. Er gjaldinu ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 6. gr. hennar.
- b) Föngunargjald skv. 14. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.000 ef til föngunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri föngun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samþykkt er af sveitarstjórn Rangárþings ytra með vísun til heimildar í samþykkt nr. 632/2012 um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra, samþykkt á fundi hreppsráðs 20. júlí 2011, staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hellu, 12. október 2012.

Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri.